

Nd.

243. Nefndarálit

[47. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 54/1986 og lög nr. 27/1987.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar.

Frumvarp þetta um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins ber þess glöggt vitni að enn er mikill vandi fram undan og frambúðarlausn á fjármögnun og útfærslu húsnæðislánakerfisins ófundin.

Í athugasemdum með frumvarpinu er meira að segja svo langt gengið að segja: „Með hliðsjón af framansögðu er ljóst að grípa verður til áhrifaríkra aðgerða til að koma í veg fyrir gjaldþrot húsnæðiskerfisins. Fyrstu skrefin í þá átt eru stigin með þeim breytingartillögum sem felast í þessu frumvarpi.“

Annar minni hl. er þeirrar skoðunar að hér sé ekki hreyft við grundvallarvanda þess kerfis, en hann er að mati undirritaðs *lánskjaravísitalan* sem sett var með lögum nr. 13/1979. Í sjálfu sér eru flest atriði 1. gr. þessa frumvarps spor í rétta átt þegar haft er í huga að hér er verið að skipta of litlu fjármagni á milli of margra.

Engu síður er ljóst að mikið vantar á að tekist sé á við þetta verkefni á viðunandi hátt. Það sést m.a. á 2. gr. frumvarpsins, en þar segir „að umsækjendur . . . skuli innan þriggja mánaða frá því að umsókn var lögð fram fá svar um hvort þeir eigi rétt á láni og líklegan afgreiðslutíma láns. Endanleg svör um afgreiðslutíma láns og lánsupphæð berist eigi síðar en einu ári áður en fyrsti hluti láns kemur til afgreiðslu.“

Allir munu sjá um hve losaralega löggjöf hér er að ræða þar sem engin tímamörk eru sett frá fyrstu svörum til endanlegra svara. Að minnsta kosti virðist líklegt að um árabíl sé að ræða í þessu efni.

Meginniðurstaða undirritaðs er því sú að húsnæðislánakerfið sé nú á þeim krossgötum að óhjákvæmilegt sé að Alþingi taki það til endurskoðunar frá rótum með afnámi *lánskjaravísitölunnar* og reisi á þeirri endurskoðun löggjöf um gjörbreytt kerfi sem ætlað væri að standa lengur en fáeina mánuði — eins og raunin hefur orðið á um alla löggjöf í þessu efni seinustu þrjú til fjögur ár.

Mikilvægt er að menn átti sig á og viðurkenni að lánskjaravísitalan samkvæmt lögum nr. 13/1979 er hér meginógæfuvaldur sem mestu skiptir að uppræta.

Í tillögum, sem þingmenn Borgaraflokksins flytja á Alþingi um heildarendurskoðun á húsnæðislánalöggjöfinni, er bent á leiðir til lausnar í þessu efni sem leysa mundi lánskjaravísitöluna af hólmi öllum til ómælds léttis.

Í þeim tilgangi m.a. flytja þingmenn Borgaraflokksins breytingartillögur við þetta frumvarp í neðri deild.

Alþingi, 10. des. 1987.

Óli P. Guðbjartsson.